


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>ÍSL 503</b>	<b>Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>

<b>Kennari</b>	Anna Lilja Harðardóttir, Margrét Lóa Jónsdóttir og Þórdís H. Jónsdóttir	<b>Sk.st.</b>	ALH, MLJ og PHJ
----------------	---	---------------	-----------------

**Áfangalýsing:** Í áfanganum kynast nemendur íslenskri bókmenntasögu 20. aldar og fyrstu árum 21. aldar í samhengi við strauma og stefnur í þjóðfélags- og menningarmálum bæði hérlandis og erlendis á sama tímaskiði. Nemendur kynast helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og skoða erindi þeirra við samtímann. Nemendur vinna skrifleg og munnleg verkefni í tengslum við efni áfangans.

#### **Markmið:**

Að nemandi öðlist innsýn í bókmenntasögu 20. aldar.

- átti sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir 20. aldar.
- þekki helstu hugtök sem tengjast bókmenntastefnum 20. aldar.
- geri sér grein fyrir hlutverki bókmennta í samfélaginu og áhrifum þeirra.
- geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og einkennum í verkum þeirra.
- geti greint málfarsleg einkenni mismunandi stíls og önnur atriði sem lúta að mismunandi bókmenntastefnum.
- vinni undir leiðsögn kennara að bókmenntakynningum sem fela í sér greiningu bókmenntatexta, upplýsingaöflun og lestur fræðitexta.

#### **Námsgögn:**

*Öldin öfgafulla* e. Dagnýju Kristjánsdóttur ( 2010)

*Tímar í lífi þjóðar* e. Indriða G. Þorsteinsson ( 2004)


ÍSL 503 Textahefti (2010 – VMA skrifstofa)

Myndbönd, geisladiskar og ljósrit eftir því sem við á.

#### **Áætlun um yfirferð: 1. lota 23. 8. - 3.9.**

Kynning áfangans; **1900 - 1920** *Öldin öfgafulla* (ÖÖ) bls. 9 – 50 og textahefti fyrir ÍSL 503; Ísland í upphafi 20. aldar og breytingar á næstu 20 árum. Fjallað um helstu höfunda, verk þeirra skoðuð og bókmenntastefnur tímabilsins s.s. nýrómantík. Nemendur vinna verkefni í tímum. Hafinn lestur á verkinu: ***Tímar í lífi þjóðar***.

**2. lota 6. 9.- 17.9.:** *Öldin öfgafulla 1920 – 1940* (ÖÖ) bls. 51 – 81 og textahefti f. ÍSL 503. Fjallað um bókmenntasögu tímabilsins, helstu höfunda þess og breytingar í

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>ÍSL 503</b>	<b>Kennsluáætlun Haustönn 2010</b>

samfélaginu á krepputímum. Lotunni lýkur með ljóðaverkefni 5%.

**3. lota 20.9. - 8. 10.:** *Öldin öfgafulla 1940 – 1960* (ÖÖ) bls. 83 – 141 og textahefti f. ÍSL 503; Áhrif og afleiðingar heimsstyrjaldar, hernáms og kalda stríðsins á íslenskt þjóðfélag og bókmenntir. Farið verður í grunnatriði skáldsögugreiningar auk þess sem verkið *Tímar í lífi þjóðar* eftir Indriða G. Þorsteinsson, verður krufið og rætt. Lotunni lýkur með krossaprófi og verkefni úr *Tímum í lífi þjóðar* 15%

**4. lota 11.10. - 29.10.:** *Öldin öfgafulla 1960 – 1990* (ÖÖ) bls. 143 – 215 og textahefti f. ÍSL 503; Farið verður í bókmenntasögu tímabilsins og helstu höfunda. Einkenni smásagna verða rifjuð upp auk þess sem smásögurnar í textaheftinu verða lesnar. Lotunni lýkur með verkefni úr smásögum 5%.

**5. lota 1.11. - 30.11.:** *Öldin öfgafulla 1990 – 2010* (ÖÖ) bls. 217 – 263 og textahefti f. ÍSL 503; Drepið verður á helstu atriði tímabilsins, helstu stefnur og höfunda. Nemendur velja skáldverk frá síðari árum og vinna með þau. Lotunni lýkur með verkefni úr nútímabókmenntum 15%.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

- |   |     |
|---|-----|
| a) Ljóðaverkefni í lok 2. lotu              | 5%  |
| b) <i>Tímar í lífi þjóðar</i> í lok 3. lotu | 15% |
| c) Verkefni úr smásögum í lok 4. lotu       | 5%  |
| d) Verkefni í lok 5. lotu                   | 15% |
| e) Lokapróf í annarlok                      | 60% |

**Lágmarkseinkunn á lokaprófi verður að vera 4.5 til að verkefni og próf á önninni fáist metin. Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.**

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils